


# Stefna um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025:

Innleiðing og mat á árangri á verkefnum SFS

Mars 2021



Teikning: Jakob Þór Jakobsson



## Efnisyfirlit

Tillögur starfshópsins .....	3
Inngangur .....	3
Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025.....	4
Mat á árangri .....	4
Fjölbreytt og skemmtilegt .....	5
Sumarviðburðir á vegum frístundamiðstöðva.....	5
Söng- og danshópar á frístundaheimilum og fleiri listaverkefni .....	6
Samstarf við UnglingaRÚV.....	6
Virkt þátttaka .....	7
Stórfundir ungmennaráðanna.....	7
STUÐ – verkefni .....	7
Jöfnuður.....	8
Stuðningur í almennt félagsmiðstöðvastarf .....	9
Aukið 10-12 ára starf í félagsmiðstöðvum.....	10
Opið öll föstudagskvöld í félagsmiðstöðvum .....	12
Forstöðumenn sitji móttökuvíðtöl .....	13
Bæklingur og heimasíða um frístundalæsi .....	15
Hinsegin félagsmiðstöð .....	16
Forvarnir og lýðheilsa .....	17
Vettvangsstarf félagsmiðstöðva .....	17
Sértækt hópastarf.....	18
Fagmennska.....	19
Frístundafræðingar ráðnir í fullt starf við öll frístundaheimilin frá árinu 2018.....	19
Námsleyfi fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva frá árinu 2018 .....	23
Öll frístundaheimilin opin á sumrin.....	24
Aukið foreldrasamstarf – innleiðing gátlista .....	24
Innleiðingarætlun fyrir hluta skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025 .....	27
1. Verkefni sem hafa farið af stað en þurfa aukið fjármagn (kostnaður á ári):.....	27
2. Efla hlutverk frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar í samræmi við nýtt hverfaskipulag og Græna planið.....	27
3. Stefna áfram að heilsársrekrum frístundaheimilum og félagsmiðstöðum.....	31
a. Setja af starfshóp í apríl 2021 um heilsársrekin frístundaheimili.....	31
b. Setja af stað starfshóp í apríl 2021 um heilsársrekrar félagsmiðstöðva.....	31

## Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi tillögur um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025:

1. Að fjármagni verði veitt í verkefni sem þegar hafa verið innleidd út frá stefnunni en hafa ekki verið fjármögðuð að fullu.
2. Að setja af stað stýrihóp sem hefur það hlutverk að skilgreina hlutverk frístundamiðstöðva í borgarhlutunum í samræmi við Græna planið, hverfisskipulagið, menntastefnuna, frístundastefnuna og áherslur á lýðheilsu og félagsauð.
3. Stefna áfram að heilsársrekrum frístundaheimilum og félagsmiðstöðum, starfshópar settir af stað í apríl 2021.

## Inngangur

Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík var samþykkt í borgarstjórn í október 2017. Í stýrihópi stefnunnar voru borgarfulltrúarnir Skúli Helgason, Sóley Tómasdóttir og Marta Guðjónsdóttir og í starfshópi sem starfaði með stýrihópnum voru fulltrúar skóla- og frístundasviðs, íþrótt- og tómsundasviðs, velferðarsviðs og menningar- og ferðamálasviðs. Í kjölfar samþykktar stefnunnar var stofnaður innleiðingarhópur, með fulltrúum SFS, ÍTR og VEL, sem skilaði af sér kostnaðargreindum tillögum að aðgerðum fyrir 2018 og 2019. Í kjölfarið samþykkti borgarstjórn hluta af þeim tillögum, sem þegar hafa verið innleiddar. Á fundi skóla- og frístundaráðs 10. september 2019 var sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að skipa þann starfshóp sem nú skilar af sér skýrslu. Um er að ræða *Starfshóp um frekari innleiðingu á verkefnum skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem þegar hefur farið fram.*

### Hlutverk

Hlutverk hópsins er að vinna að frekari innleiðingu á stefnu um frístundaþjónustu SFS auk mats á árangri þeirrar innleiðingar sem hefur verið framkvæmd.

### Helstu verkefni

Leggja mat á árangur þeirrar innleiðingar á Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 sem þegar hefur farið fram á skóla- og frístundasviði.

Vinna innleiðingaráætlun fyrir hluta skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025.

### Starfshópin skipta

- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, fagskrifstofa frístundamála SFS, formaður
- Ásgeir Björgvinsson, SKOR, SFS
- Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
- Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar

Starfshópurinn átti að skila ábyrgðarmanni, Helga Grímssyni, kostnaðargreindum tillögum fyrir lok maí 2020, en fékk frest til loka febrúar 2021.

Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst er sagt frá þeim aðgerðum sem hafa verið innleiddar á skóla- og frístundasviði, markmiðum þeirra, kostnaði við þær og mati á árangri, undir þeim megináherslum

stefnunnar sem þær tilheyra. Í lokin verða lagðar fram tillögur að frekari innleiðingu á stefnunni til ársins 2025.

## Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025

**Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.**

### Megináherslur stefnunnar:

- Fjölbreytt og skemmtilegt
- Virk þátttaka
- Jöfnuður
- Forvarnir og lýðheilsa
- Fagmennska

Stefnunni er ætlað að ýta undir blómlegt félagslíf og frístundir í borginni með áherslu á börn og unglunga. Lögð er áhersla á jafnan aðgang þeirra að fjölbreyttu og skapandi frístundastarfi. Í stefnunni voru settar fram aðgerðir í forgang sem að margar hverjar hafa raungerst. Fyrri innleiðingarhópur setti fram tillögur sem tóku mið af forgangsverkefnum og í kjölfarið samþykkti borgarstjórn hluta af þeim tillögum sem þegar hafa verið innleiddar og í skýrslunni verður lagt mat á þær.

Árið 2018 var menntastefnan Látum draumana rætast samþykkt. Þar má greina samhljóm við frístundastefnuna en framtíðarsýn menntastefnunnar er að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Tilgangur menntastefnunnar er að ná víðtækri samstöðu um framtíðaráherslur í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík og skerpa á forgangsröðun mikilvægustu umbótaverkefnanna.

Bæði frístundastefnan og menntastefnan leggja áherslu á heiltæka nálgun (e. systemic improvement) þar sem þeir aðilar sem vinna að velferð barns vinna saman og eru með sameiginleg leiðarljós. Heiltæk nálgun gengur út á að efla forystu starfsfólks þannig að orka þeirra og þekking nýtist í þróun menntunar og velferðar fyrir börn. Lögð er áhersla á að taka mið af stóru myndinni í kringum barnið, viðmiðum og stefnum, starfsáætlununum, starfsskrám, starfsháttum, þekkingu starfsmanna og öðru sem að snertir umhverfi barnsins.

Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 er jafnframt í samræmi við frumvarp félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

## Mat á árangri

Við mat á árangri á þeirri innleiðingu sem þegar hefur farið fram á skóla- og frístundasviði notaðist starfshópurinn við eftirfarandi:

- Fjöldatölur.
- Könnun til forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem starfshópurinn lagði fyrir í júlí til september 2020.
- Skýrslur sem gerðar hafa verið um tiltekin verkefni.

## Fjölbreytt og skemmtilegt

Í Reykjavík verði boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega frístundapjónustu með áherslu á almenna þátttöku og jafnt aðgengi.

### Sumarviðburðir á vegum frístundamiðstöðva

Í frístundastefnunni er lögð fram sú framtíðarsýn undir frístunda- og félagsstarf almennings að frístundamiðstöðvar verði vettvangur fyrir starf á vegum borgarinnar og félagsamtaka, hópa eða íbúa í viðkomandi borgarhluta. Frístundamiðstöðvarnar verði athvarf fyrir fólkið í borgarhlutanum, með aðstöðu fyrir menningarviðburði, námskeið, smíðjur, fræðslu og hverfishátíðir, aðstöðu fyrir ungmenni, svo fátt eitt sé talið. Á vegum frístundamiðstöðva verði lögð áhersla á samveru og samstarf kynslóða en jafnframt boðið upp á þjónustu fyrir afmarkaða hópa. Starfsemin verði ekki bundin við ákveðið húsnæði heldur fari hún fram víða í hverfum borgarinnar.

Í innleiðingaráætluninni 2018-2019 var lagt til að ráðnir yrðu verkefnastjórar við hverja frístundamiðstöð sem myndu hafa það megin hlutverk að gera frítíma hverfisbúa innihaldsríkari, en það var eitt af þeim verkefnum sem ekki fengu fjármagn og komst því ekki til framkvæmdar. En sumarið 2020 voru ráðnir, í gegnum atvinnuáttak ríkis og borgar, tveir verkefnastjórar á hverja frístundamiðstöð í sambærilegt hlutverk og boðið var upp á margs konar viðburði um alla borg.



### Markmið:


- Markmiðið var að fjölga samverustundum, styrkja félagstengsl og búa til ánægjustundir hjá hverfisbúum.

### Kostnaður:

- Atvinnuáttak, samstarf ríkis og borgar vegna Covid19.
- Kr. 13.439.000, greitt af ríkinu.

### Mat á árangri:

- Skýrslur unnar um verkefnið á hverri frístundamiðstöð og kynnt í skóla- og frístundaráði 8. sept. 2020.
- Góð þátttaka almennings og þótti takast vel til.





## Söng- og danshópar á frístundaheimilum og fleiri listaverkefni

### **Markmið:**

Börnum standi til boða að taka þátt í fjölbreyttu lista- og menningarstarfi, s.s. með því að bjóða upp á opið hópastarf. Listafólk fengið til að leiðbeina börnum á frístundaheimilum Miðbergs og Gufunesbæjar í dans og söng.

### **Kostnaður:**

- Söng- og danshópar á frístundaheimili Gufunesbæjar og Miðbergs 2018: Kr. 5.500.000.
- Ferðakostnaður í heimsóknir á menningar- og listastofnanir 2018: Kr. 2.000.000.



### **Mat á árangri:**

- Forstöðumenn í Gufunesbæ og Miðbergi voru spurðir hversu gagnleg innkoma listafólks til að stjórna dans- og söngstarfi hafi verið:
  - Mjög gagnleg sögðu 7 eða 58%
  - Frekar gagnleg sögðu 4 eða 33%
  - Lítið gagnleg sagði 1 eða 8%
- Á hvaða hátt var innkoma listafólksins gagnleg? Opin svör forstöðumanna.
  - Komu með faglegt innlegg og kenndu söng og dans, eitthvað sem almennt starfsfólk sem býr ekki yfir þeirri þekkingu hefði ekki getað kennt.
  - Komið var einu sinni í viku og börnin hlökkuðu til og fannst þetta gaman, þau þorðu að syngja og koma fram eftir þessar heimsóknir, aukið sjálfstraust.
  - Bara frábært að fá inn fagmenntað fólk að kenna börnunum. Hér í hverfinu er tómstundastarf á við tónskóla ekki á allra færi að nýta og aðgangur fyrir öll börn því ótrúlega mikilvægur.
  - Frábært framtak og væri sterkur leikur að fá aukið fjármagn til að fá inn fleira listafólk í starfið hjá okkur til að geta boðið upp á mismundi og fjölbreytilegt listrænt starf hjá okkur.
- Ferðakostnaður, kr. 2.000.000, fór í akstur á Skrekk o.fl.

## Samstarf við UnglingaRÚV


**Markmið:** Samstarf um sterka aðkomu ungmenna í Reykjavík að veglegu tilboði RÚV um menningu unglunga og hugðarefni þeirra.

### **Kostnaður:**

- Kr. 4.700.000 á ári frá 2018

### **Mat á árangri:**

- Komin skýrsla fyrir verkefnið, dæmi um sterka aðkomu ungmenna:
  - UngRÚV ráðið sem hefur mótað stefnu UngRuv.



- UngRÚV hefur heimsótt félagsmiðstöðvar í Reykjavík.
- 10. bekkingum boðið í heimsókn í RÚV (800 unglingar úr Reykjavík).
- Ungir fréttamenn á Barnamenningarhátíð.
- Ungt fólk hefur framleitt efni fyrir UngRÚV um málefni sem þeim finnst skipta máli.

## Virk þátttaka

*Lýðræði, valdefling og virk þátttaka allra þeirra sem þjónustan snýr að.*

Aðrar stefnur borgarinnar leggja einnig mikla áherslu á virka þátttöku. Annað tveggja leiðarljósa menntastefnu borgarinnar til 2030 er *Barnið sem virkur þátttakandi*. Þar er lögð áhersla á að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar í samræmi við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Í *Græna planinu*, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar, er samtalið við borgarbúa sagt lykilatriði í heilbrigðu borgarsamfélagi. Fjölbreyttar raddir samfélagsins þurfa að heyrast og hafa vægi. Allir séu hvattir til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.



## Stórfundir ungmennaráðanna

### **Markmið:**

Gefa ungmennum kost á að halda eigin málþing og koma þannig til móts við 12. gr. Barnasáttmálans sem fjallar um það að börn eigi rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

### **Kostnaður:**

- Kr. 500.000 á ári frá 2018.

### **Mat á árangri:**

- Þrjú fundir hafa verið haldnir.
  - Í Austurbergi, Ráðhúsi og Hinu Húsinu.
- Áætlað að meta árangur eftir tveggja ára starf, haustið 2021.

## STUÐ – verkefni

### **Markmið:**

Börn og unglingar geti sótt um stuðning til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Ungmennaráðin fá ákveðið fjármagn til að styðja við verkefni ungs fólks í borgarhlutunum.

### **Kostnaður:**

- Kr. 3.000.000 á ári frá 2018

## Mat á árangri:

- Komin skýrsla um verkefnið
  - Veturinn 2018-2019 komu 11 umsóknir og sex verkefni fengu fjárstuðning: Unglingatónleikar, fræðsla um bætta sjálfsmynd, prentun á unglingsblaði, styrkur til feministafélags, fræðsla um jafnréttismál og fræðsla um umferðaröryggi.
  - Hefur í för með sér valdeflingu ungmennaráða og svarar kalli frá ungmennunum sjálfum (sbr. tillaga sem lögð var fram á borgarstjórnarfundum í febrúar 2017).
  - Kostnaður þarf ekki lengur að vera hindrum við framkvæmd verkefna sem eru til gagns og gamans fyrir ungmenni.
  - Verkefnið hefur verið áskorun þar sem það krefst mikillar vinnu starfsfólks og góðs undirbúnings.
  - Verið að taka saman gögn um verkefni sem fengu styrk haustið 2019 og vorið 2020.

## Jöfnuður

*Áhersla verði lögð á að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Leitast verði við að koma til móts við þarfir allra aldurshópa fyrir frístundaþjónustu.*



Eins og fram kemur í frístundastefnunni deilist frístundaþjónusta Reykjavíkurborgar ekki jafnt á alla aldurshópa. Frístundaheimilin þjónusta vel 6-9 ára börn og megin markhópur félagsmiðstöðva eru 13-16 ára unglingar, minni þjónusta er fyrir 10-12 ára aldurshópinn. Hitt Húsið, sem heyrir undir íþrótt- og tómstundasvið, þjónustar aldurshópinn 16 -25 ára. Lítið frístundastarf er fyrir þann aldurshóp úti í hverfum borgarinnar. Markhópur félagsmiðstöðva velferðarsviðs er fyrst og fremst eldra fólk.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38 9. 2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, skulu sveitarfélög *bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.*

Athygli er vakin á því að fjármagn fékkst fyrir stöðugildum stuðningsstarfsfólks í félagsmiðstöðvar, en enn vantar upp á aðstöðu í almennum félagsmiðstöðvum til að geta boðið upp á félagsmiðstöðvastarf án aðgreiningar og eins aukið 10-12 ára starf.

Mikilvægt er að huga að jöfnuði þegar unnið er að uppbyggingu mannvirkja og aðstöðu í nýjum hverfum og endurbótum í eldri hverfum.



## Stuðningur í almennt félagsmiðstöðvastarf

### **Markmið:**

Stuðningi bætt inn í almennt félagsmiðstöðvastarf til þess að taka betur á móti börnum og unglingum sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning.

### **Kostnaður:**

- 2018: Kr. 31.000.000
- 2019: Kr. 84.000.000
- 2020: Kr. 84.000.000



### **Mat á árangri:**

- Fjöldi barna með stuðning í almennum félagsmiðstöðvum hefur fjölgað um 150% frá 2018:

Skólaár	Ársel	Miðberg	Kringlu mýri	Gufunes bær	Tjörnin	Alls
2018- 2019	12	7	0	0	15	<b>34</b>
2019- 2020	13	11	2	5	21	<b>52</b>
2020- 2021	17	18	11	12	27	85

- Fjöldi stöðugilda/kostnaður hækkar ekki alveg á sama hraða og fjölgun barna milli ára.
- Mat á stuðningi í félagsmiðstöðvum (spurningakönnun til forstöðumanna)
  - Ef félagsmiðstöðin hefur fengið aukið starfshlutfall í stuðning til þess að taka betur á móti börnum og unglingum sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning, hversu vel eða illa hefur það gengið?
 

▪ Mjög vel	6	43%
▪ Frekar vel	7	50%
▪ Hvorki vel né illa	1	7%
▪ Frekar illa	0	0%
▪ Mjög illa	0	0%
  - Hvers vegna hefur stuðningurinn gengið vel eða illa?
    - Vegna þess að hann hefur séð til þess að við séum nógu vel mönnum til þess að þjónusta þessa einstaklinga sem allra best.
    - Gott að fá upplýsingar frá foreldrum um barnið og hvernig er best að vinna með það gegnum styrkleika. Höfum líka fengið mjög góða þjónustu frá ráðgjafabroskaþjálfunum í Kringlumýri. Auka manneskja á vakt nýtist svo vel til að sinna þessum hópi sem hefur verið að mæta vel.
    - Við höfum meira rými til að kynna einstaklingsáætlanir fyrir hlutastarfsfólki. Einnig fær barnið eða unglingurinn meira tækifæri til að kynna starfsfólkinu betur og þar af leiðandi finna hvern þau tengja best við sem hefur verið mikilvægasti þátturinn að mínu mati.

## Aukið 10-12 ára starf í félagsmiðstöðvum

### Markmið:

Að koma betur til móts við 10-12 ára börn með því að fjölga opnunum fyrir þau í félagsmiðstöðvum úr einu í tvö skipti í viku frá hausti 2018.



Tillagan í fyrri innleiðingarátætlun var að fjölga skiptunum í 3 skipti í viku árið 2019, 4 skipti á viku árið 2020 og 5 skipti á viku 2021, en það hefur ekki fengist fjármagn í það.

### Kostnaður:

- 2018: Kr. 30.000.000
- 2019: Kr. 102.000.000
- 2020: Kr. 102.000.000

### Mat á árangri:

- Frá árinu 2017 til ársins 2019 jókst mæting í 10-12 ára starfinu um 120%.
- Fjöldi skráðra mætinga í 10-12 ára starf (vetrarstarf).
- Ekki eru teknar með mætingartölur fyrir árið 2020 þar sem það litaðist mikið af Covid-19 heimsfaraldri og buðu félagsmiðstöðvar í Reykjavíkur upp á stafrænt starf í bland við hólfaskipt staðstarf.

	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2019
Ársel	2.668	7.025	9.766
Gufunesbær	4.628	4.615	9.892
Kringlumýri	3.077	7.578	7.656
Miðberg	4.294	4.053	8.064
Tjörnin	5.549	5.207	9.432
<b>Alls Reykjavík</b>	<b>20.216</b>	<b>28.478</b>	<b>44.810</b>

- Frá árinu 2017 til ársins 2020 jókst skráning í sumarsmiðjur um 113%.
- Skráning í sumarsmiðjur 10-12 ára:

Sumar	Skráningar í sumarstarf
2017	3.054
2018	3.483
2019	4.128
2020	6.504

- Spurningakönnun SFS til foreldra barna í 5. – 7. bekk vor 2020
  - 16,5% foreldra barna í 5-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkurborgar segja börn sín mæta í félagsmiðstöðina vikulega eða oftár og 57,4% segja þau mæta nokkrum sinnum á önn eða oftár.

- Spurningakönnun til forstöðumanna félagsmiðstöðva
  - Hversu mikið eða lítið hefur starfið breyst í 10-12 ára starfi félagsmiðstöðvarinnar með auknum opnunartíma?
    - Mjög mikið                    2            10%
    - Frekar mikið                12           60%
    - Hvorki mikið né lítið    3            15%
    - Frekar lítið                 3            15%
    - Mjög lítið/ekkert        0            0%
  
  - Á hvaða hátt hefur starfið breyst með auknum opnunartíma?
    - Náðum að bæta við opnun á öðrum tíma svo fleiri hafa tækifæri á að mæta.
    - Það er fjölbreyttara og með auknum opnunartíma höfum við náð að ná til fleiri hópa.
    - Starfsfólk þekkir börnin miklu betur en áður. Starfsfólk skapar tengingar og vináttu við börnin áður en þau koma upp í unglingadeild og hefur það haft mikil áhrif. Fagstarfið er mun meira.
    - Foreldrahópurinn er mjög ánægður með núverandi starf.
    - Einnig hefur samstarf við skólana verið meira og almennur áhugi frá skólasamfélaginu að við erum að sinna þessum aldri betur.
    - Betri mæting þegar árgangar geta verið út af fyrir sig á opnunum.
  
  - Hversu mikið eða lítið telur þú að eftirfarandi barnahópar sækji 10-12 ára starfið?
    - Börn sem eru í öðru skipulögðu frístundastarfi
      - Mjög mikið                    0            0%
      - Frekar mikið                12           63%
      - Hvorki mikið né lítið    3            16%
      - Frekar lítið                 3            16%
      - Mjög lítið                    1            5%
  
    - Börn sem eru í engu öðru skipulögðu frístundastarfi
      - Mjög mikið                    4            21%
      - Frekar mikið                12           63%
      - Hvorki mikið né lítið    2            11%
      - Frekar lítið                 1            5%
      - Mjög lítið                    0            0%
  
    - Börn með annað móðurmál en íslensku
      - Mjög mikið                    1            5%
      - Frekar mikið                6            32%
      - Hvorki mikið né lítið    5            26%
      - Frekar lítið                 6            32%
      - Mjög lítið                    1            5%

- Börn sem voru með sértækan stuðning á frístundaheimilum
  - Mjög mikið 4 21%
  - Frekar mikið 10 53%
  - Hvorki mikið né lítið 4 21%
  - Frekar lítið 0 0%
  - Mjög lítið 1 5%

Opið öll föstudagskvöld í félagsmiðstöðvum

### **Markmið:**

Koma betur til móts við unglinga með skipulögðu starfi og öruggu umhverfi. Föstudagsopnanir öll föstudagskvöld í stað annars hvers áður. (Nokkrar félagsmiðstöðvar höfðu þó áður haft opið alla föstudaga, s.s. hjá Miðbergi og Tjörninni.)



### **Kostnaður:**

- Kr. 18.000.000 frá árinu 2018.

### **Mat á árangri:**

- Frá árinu 2017 til ársins 2019 jókst þátttaka í félagsmiðstöðvastarfi 13-15 ára um 59%.
- Heildar þátttökutölur í félagsmiðstöðvastarf 13-15 ára.
- Ekki eru teknar með mætingartölur fyrir árið 2020 þar sem það litaðist mikið af Covid-19 heimsfaraldri og buðu félagsmiðstöðvar í Reykjavík upp á stafrænt starf í bland við hólfskipt staðstarf.

	Árið 2017	Árið 2018	Árið 2019
Ársel	13.754	14.806	18.251
Gufunesbær	16.203	18.158	25.361
Kringlumýri	10.197	19.070	19.802
Miðberg	14.628	21.177	24.249
Tjörninn	16.702	24.604	26.218
<b>Alls Reykjavík</b>	<b>71.484</b>	<b>97.815</b>	<b>113.881</b>

- Spurningakönnun til forstöðumanna félagsmiðstöðva
  - Hversu mikilvægt telur þú að hafa opið öll föstudagskvöld?
    - Mjög mikilvægt 17 89%
    - Frekar mikilvægt 1 5%
    - Ekki mikilvægt 1 5%

- Hvaða áhrif hefur aukinn opnunartími á föstudögum haft?
  - Meiri festa þar sem það eru allir dagar eins og mikilvægt að mæta þjónustubörfinni og sinna unglingum á föstudagskvöldum.
  - Minni hópamyndum og áhættuhegðun úti. Mjög góð mæting á föstudögum því þá er engin heimplærdómur eða skóli daginn eftir.
  - Það er mikil mæting á föstudagskvöldum hjá okkur og því greinilega þörf á opnunum.
  - Staður fyrir unglingana til að vera á. Það er mikið forvarnargildi að vera með opið alla föstudaga. Það er lang mesta mætingin hjá okkur á föstudagskvöldum. Við höfum náð krökkunum úr sjoppunum og röltinu og inn til okkar.
  - Við fáum oft tækifæri á að hitta aðra unglinga sem komast ekki aðra virka daga v/æfinga. Við náum að lesa stemninguna í hverfinu sem er gríðarlega mikilvægt skref í forvörnum.
  - Höfum betri yfirsýn yfir hópinn og hvaða stemning er fyrir helgunum og hvort að það þurfi eitthvað að grípa inn t.d. partý o.fl.

Forstöðumenn sitji móttökuvíðtöl

#### **Markmið:**

Skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglinga með annað móðurmál en íslensku og hvetja til verkefna sem virkja þá til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi. Kynna móttökuáætlun SFS fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi þar sem fram kemur að forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar skuli sitja móttökuvíðtal.

#### **Kostnaður:**

- Enginn

#### **Mat á árangri:**

- **Frístundaheimili** - spurt í spurningakönnun til forstöðumanna:
  - Hversu oft situr þú sem forstöðumaður frístundaheimilis móttökuvíðtöl grunnskólanna vegna barna með annað móðurmál en íslensku?
 

▪ Alltaf	9	31%
▪ Oftast	9	31%
▪ Stundum	4	14%
▪ Sjaldan	3	10%
▪ Aldrei	4	14%

- Hversu mikið eða lítið hefur þátttaka þín í móttökuviðtölum hjálpað til við að virkja börn með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í frístundaheimili?
  - Mjög mikið 6 26%
  - Frekar mikið 12 52%
  - Hvorki mikið né lítið 5 22%
  - Frekar lítið 0 0%
  - Mjög lítið 0 0%
  - Einn merkti við veit ekki
  
- Hversu mikið eða lítið hefur þátttaka þín í móttökuviðtölum hjálpað til við að virkja börn með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í öðru skipulögðu frístundastarfi?
  - Mjög mikið 2 9%
  - Frekar mikið 6 27%
  - Hvorki mikið né lítið 11 50%
  - Frekar lítið 2 9%
  - Mjög lítið 1 5%
  - Einn merkti við veit ekki
  
- Viltu bæta einhverju við um móttökuviðtölin og þátttöku barna og unglunga með annað móðurmál en íslensku í skipulögðu frístundastarfi?
  - Það þarf að vera eitthvað kerfi sem að sér um að halda utan um ókeypis frístundaheimili fyrir börn sem eru að koma ný til landsins, bæði í sumar og vetrarstarfinu.
  - Móttökuviðtöl í góðum farvegi en vantar eftirfylgniviðtöl.
  - Vil vera með í þessum móttökuviðtölum
  - Rosalega gott að sitja þau. Þá get ég ýtt undir heilbrigðar tómstundir barnanna.
  - Það má ítreka að bjóða alltaf forstöðumanni með í móttökuviðtal.
  - Já fá meiri tíma á fundunum þar sem fundirnir virðast snúast mest um skólagöngu og hvað er gert í skólunum.
  - Þau eru mjög gagnleg og hefur samstarfið aukist og oftar munað eftir okkur í frístundastarfinu núorðið.
  
- **Félagsmiðstöðvar** - spurt í spurningakönnun til forstöðumanna:
  - Hversu oft situr þú sem forstöðumaður félagsmiðstöðvar móttökuviðtöl grunnskólanna vegna barna og unglunga með annað móðurmál en íslensku?
    - Alltaf 4 20%
    - Oftast 3 15%
    - Stundum 6 30%
    - Sjaldan 2 10%
    - Aldrei 5 25%
  
  - Hversu mikið eða lítið hefur þátttaka þín í móttökuviðtölum hjálpað til við að virkja börn og unglunga með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í félagsmiðstöð?
    - Mjög mikið 3 20%
    - Frekar mikið 8 53%
    - Hvorki mikið né lítið 4 27%
    - Frekar lítið 0 0%
    - Mjög lítið 0 0%




- Hversu mikið eða lítið hefur þátttaka þín í móttökuvíðtölum hjálpað til við að virkja börn og unglunga með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í öðru skipulögðu frístundastarfi?
  - Mjög mikið 2 14%
  - Frekar mikið 7 50%
  - Hvorki mikið né lítið 4 29%
  - Frekar lítið 0 0%
  - Mjög lítið 1 7%
  - Einn merkti við veit ekki
  
- Viltu bæta einhverju við um móttökuvíðtölin og þátttöku barna og unglunga með annað móðurmál en íslensku í skipulögðu frístundastarfi?
  - Forstöðumenn félagsmiðstöðva gleymast frekar oft þó það sé í verkferlum að kalla þá inn í móttökuvíðtöl.
  - Móttökuvíðtölin frábært tæki til þess að innleiða inn í starfið - frekar nýtt af nálinni hjá okkur í okkar félagsmiðstöð og því eitthvað sem þarf að byggja ofan á.
  - Til að fundirnir verði ekki yfirþyrmandi fyrir foreldra og barn með ótrúlega mikið af fullorðnu fólki að mæta lagði ég til að eftir fundina myndu þau koma í heimsókn í húsnæði félagsmiðstöðvar og hitta starfsfólk og fá upplýsingar á viðeigandi móðurmáli.
  - Ég sit aldrei móttökuvíðtölin, en fæ þau í heimsókn í félagsmiðstöðina í 10 mín með túlki eftir fundinn. Þarf ekki endilega að sitja fundina, en væri til í að fá meiri upplýsingar til mín um það sem kom fram á fundinum.
  - Það mætti skoða að koma upp kerfi líkt og við gerum varðandi börn sem þurfa stuðning. Það væri hægt að gera einstaklingsáætlun fyrir þau börn og þannig hjálpað þeim. Og sjálfkrafa stuðningur ætti að fylgja flóttafólki og hælisleitendum.
  - Við erum yfirleitt bara kölluð til í móttökuvíðtöl þeirra sem byrja eftir að veturinn er hafinn. Mætti hvetja skólastjórnendur að kalla okkur líka til í upphafi skólaársins.
  - Við myndum gjarnan vilja taka þátt í þessum víðtölum.

## Bæklingur og heimasíða um frístundalæsi

### **Markmið:**

Innleiðing á fræðslubæklingnum Frístundalæsi um eflingu máls og læsis í frístundaheimilum sem unninn var sem nýsköpunarsjóðsverkefni sumarið 2018. Kostnaður felst í útgáfu fræðsluefnis. Verkefninu er m.a. ætlað að koma betur til móts við börn með annað móðurmál en íslensku.



### **Kostnaður:**

- Kr. 3.100.000

### **Mat á árangri:**

- Forstöðumenn frístundaheimila spurðir: Hversu oft nýtið þið handbókina Frístundalæsi og/eða vefsíðuna <http://fristundalaesi.reykjavik.is/> í starfi með börnum með annað móðurmál en íslensku?

○ Daglega	0	0%
○ Vikulega	1	3%
○ Mánaðarlega	10	33%
○ Sjaldnar	10	33%
○ Aldrei	9	30%
- Á hvaða hátt hefur Frístundalæsi nýst í starfinu með börnum með annað móðurmál en íslensku?
  - Höfum nýtt okkur 10 mín á dag
  - Gefið manni hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna með og uppflettirit fyrir starfsmenn.
  - Hugmyndir og hugvekja
  - Góður leiðarvísir yfir ýmsar hugmyndir um nálgun til barnanna og vinnu í gegnum klúbbstarfið.
  - Við höfum hugsað meira út í þeirra móðurmál.
  - Ég þekki bókina en á eftir að nýta mér það markvissari í daglegu starfi allmennt.
  - Höfum ekki nýtt heftið
  - Margskonar, vináttuþjálfun, félagsfærni
  - Við fáum góðar leiðbeiningar í bókinni og hugmyndir sem við nýtum í starfinu
  - Eykur orðaforða hjá þeim, læsið/orðin eru sýnilegri á ýmsan máta, margt myndrænt með orðum. Fínar hugmyndir sem við höfum komið í verk úr verkefninu.

### Hinsegin félagsmiðstöð

Hinsegin félagsmiðstöð rekin af Tjörninni í gegnum þjónustusamning við Samtökin 78 og fræðsla í félagsmiðstöðvum um hinsegin málefni. Verkefnið *Öll sem eitt* hlaut styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar 2019-2020. Um er að ræða sértækt hópastarf fyrir 10-12 ára börn í Reykjavík, samstarfsverkefni allra félagsmiðstöðvanna.

### **Markmið:**

Koma betur til móts við ungmenni á aldrinum 13-18 ára sem eru hinsegin eða tengja við hinsegin málefni á einn eða annan hátt og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga í þeim hópi.

### Kostnaður:

- Fjármagnið kemur í gegnum Samtökin 78, en það er Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar sem styrkir samtökin til rekstursins.
- 2018: 3.000.000.
- 2019: 3.000.000.
- 2020: 5.000.000.
- Fjármagnið dugar fyrir 25% stöðugildi forstöðumanns og hlutastarfsmanni í 15% starfi. Önnur störf eru unnin af sjálfboðaliðum frá Samtökunum 78.
- 2020: 4.000.000 úr þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar í verkefnið *Öll sem eitt*.

### Mat á árangri:

- Opið öll þriðjudagskvöld kl. 19:30-22:00.
- Meðalfjöldi á opnun er í kringum 80 unglingar á aldrinum 13-18 ára, af öllu höfuðborgarsvæðinu.
- Könnun sem lögð var fyrir þátttakendur í starfinu sýnir fram á mikla ánægju með starfið og í svörum við opnum spurningum kom eftirfarandi fram:
  - *Jákvætt við félagsmiðstöðina „Að hún sé til! Vettvangur fyrir unglinga til að vera þeir sjálfir, þroskast með öðrum hinsegin ungmennum, valdeflast, eignast vini og hafa gaman. Frábært starfsfólk og metnaðarfullt starf.“*
  - *„Takk fyrir að vera með þennan stað, björguðu mér alveg þetta árið :) og pls haldið fleiri opnanir!!“*

### Forvarnir og lýðheilsa

Tryggja borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum og auka þannig líkur á því að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun.



### Vettvangsstarf félagsmiðstöðva

#### Markmið:

Félagsmiðstöðvar hafi frumkvæði að samstarfi innan hverfa og milli hverfa þegar bregðast þarf við áhættuhegðun unglunga, ef tengslanet hefur ekki verið virkjað með öðrum hætti. Frístundamiðstöðin Tjörnin hefur í þessu skyni unnið [Handbók um foreldrarölt](#) og [Handbók um vettvangsstarf](#). Vettvangsstarf eru svokallaðar útivaktir þar sem starfsfólk félagsmiðstöðva röltir um hverfið sitt eða annað svæði eftir þörfum t.d. í tengslum við stóra viðburði eða eftir að útivistartíma barna og unglunga lýkur. Starfsfólk kortleggur stöðu svæðisins / viðburðarins, fylgist með óæskilegri hópamyndun og sér til þess að börn og unglingar njóti stuðnings og öryggis. Á árinu 2020 bættist við [reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar](#) að félagsmiðstöðvar sinni reglulega vettvangsstarfi innan og utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi unglunga með það að markmiði að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, var settur á laggirnar sumarið 2020 til að vinna að þessum markmiðum og efla vettvangsstarfið.

### Kostnaður:

- B-hluta styrkur nýsköpunar- og þróunarsjóðs SFS sem Tjörnin fékk til að vinna handbækurnar um foreldrarölt og um vettvangsstarf.
- 15.200.000 (Flotinn), fjármagn frá ríkinu, auk sumarátaks 2020 sem kom líka frá ríkinu (ráðning á 8 starfsmönnum.) 13.300.000 kom frá ríkinu í styrk frá barna- og félagsmálaráðherra og restin vegna viðspyrnuátaks í atvinnumálum.

### Mat á árangri:

- Handbækurnar eru frekar nýtilkomnar, svo ekki hefur verið lagt mat á notagildi þeirra, en á tímabilinu hefur verið aukin fræðsla, umræða og samstarf milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um vettvangsstarf.
- Gerð var skýrsla um Flotann sem sýnir fram á að verkefnið hafi verið svar við aukinni eftirspurn eftir vettvangsstarfi í Reykjavík. Unglingahópar eru oft blandaðir milli hverfa og því erfitt fyrir hefðbundna félagsmiðstöð innan hverfis að hafa yfirsýn með stöðunni. Með tilkomu Flotans er hægt að efla samstarf milli frístundamiðstöðva og mynda tengslanet innan borgarinnar og milli sveitarfélaganna á stórhöfuðborgarsvæðinu.



Í upphafi starfsins hafði Flotinn fengið upplýsingar um mikla ofbeldisdýrkun og hópamyndanir á skólalóðum borgarinnar. Einnig kom það fram í ýmsum könnunum að unglíngadrykkja væri að aukast ásamt öðrum vímuefnum líkt og á tóbaki. Flotinn og vettvangsstarf félagsmiðstöðva urðu vör við ofbeldisdýrkun meðal ungmenna og í skýrslunni kemur fram að tóbaksnotkun hefur verið „normaliseruð“ og þykir vera töff. Þó varð Flotinn ekki eins var við unglíngadrykkju líkt og gert var ráð fyrir en heyra mátti á krökkunum að áfengi væri mjög aðgengilegt. Í sumar var almennt mikið um hópamyndanir og Flotinn og starfsfólk félagsmiðstöðva hittu reglulega sömu einstaklingana. Þó nokkuð var um óæskilegar hópamyndanir sem þurfti að hafa afskipti af, til dæmis með því að hringja í lögreglu eða að tilkynna einstaklinga til barnaverndar. Einnig nýtti Flotinn tengiliði innan þjónustumiðstöðva ásamt starfsfólki annarra félagsmiðstöðva. Þá fékk Flotinn oft ábendingar í tölvupósti eða símleiðis um staði sem vert væri að kanna og fylgjast með.

Æskilegt væri að hafa tvö starfandi teymi á vettvangi sem myndu skipta með sér svæðum. Jafnvel mætti skoða samstarf við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í því ljósi. Einnig er í skýrslunni bent á að aukið samstarf við vinnuskólahópa myndi bæði styrkja tengingar og unglíngalýðræði í gegnum skipulagningu viðburða og annað slíkt.

### Sértækt hópastarf

#### Markmið:

Efla sértækt hópastarf í félagsmiðstöðvum þar sem áhersla er lögð á forvarnir og að efla félagslega stöðu barna og unglínga. Fjármagn vegna sértæka hópastarfsins var skorið niður eftir hrun og slíkt starf hafði því verið í sögulegu lágmarki sl. tíu ár í félagsmiðstöðvum borgarinnar. Rannsóknir sýndu mikla aukningu í kvíða- og þunglyndiseinkennum frá 2012 til 2016 hjá unglíngum í 9. og 10. bekk, sérstaklega stúlkum (Rannsóknir og greining, 2016). Sömu rannsóknir sýndu að tíminn sem börnin verja í tölvuleiki og á samskiptamiðlum var að aukast, svefninn að minnka og þeim sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- eða tómsundastarfi vikulega eða oftar að fækka. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna þarf í

forvarnarstarfi að taka tillit til jafningjahópsins og áhrifa hans frekar en að einblína á einstaklinginn óháð félagslegu samhengi. Með forvarnarstarfi sem miðar að breyttum viðhorfum til áhættuhegðunar í jafningjahópnum, sjálfstyrkingu unglingsins og dýpkunar vináttu milli einstaklinganna í hópnum er hægt að ná verulegum árangri (Rúnar Vilhjálmsson, 2016) og sértækt hópastarf býður upp á að nálgast forvarnarstarf einmitt með þessum hætti.

### **Kostnaður:**

- Kr. 23.000.000 á ári frá 2017
- Fjármagninu deilt út til frístundamiðstöðvanna. Gert er ráð fyrir kr. 500.000 í hvern borgarhluta í fræðslu, kr. 14.000.000 er skipt eftir fjölda 10-16 ára í borgarhlutanum og kr. 6.000.000 eftir velferðarbreytunni *Aðstoð vegna barna* skv. 16 gr. a í Reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.
- Gerð er krafa um að fjármagnið fari í sértækt hópastarf og hver frístundamiðstöð geri í árslok samantekt á því sértæka hópastarfi sem unnið hefur verið í viðkomandi borgarhluta og nýtingu úthlutaðs fjármagns.

### **Mat á árangri:**

- Félagsmiðstöðvarnar hafa bætt verulega í sértækt hópastarf frá því að fjármagnið fékkst inn, sem dæmi má nefna:
  - Jaðar- og útivistarhópa
  - Rafíþróttahópar
  - Sjálfeflingar- og félagsfærnihópa
- Niðurstöður rannsóknar á áhrifum sértæks hópastarfs á líðan unglinga sumarið 2018, sem unnin var í samstarfi við Ársæl Arnarsson, prófessor á menntavísindasviði HÍ, í tveimur borgarhlutum gefa til kynna að hópastarfið hafi haft góð áhrif á unglingana, sérstaklega hjá hópnum sem þurfti að bæta líðan hjá. Verkefnið fékk styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar og afrakstur þess má finna hér: <https://menntastefna.is/strengths/mikilvaegi-gagnreyndra-adferda-i-felagsmidstodvastarfi/>
- Sambærileg könnun var gerð sumarið 2020, með svörum frá 46 þátttakendum, sem sýndi fram á marktæka aukningu í bjartsýni, hressleika, sátt við sjálfan sig og minnkun í kvíða. Sú rannsókn var einnig unnin í samstarfi við Ársæl.

### **Fagmennska**

*Frístundaþjónustan verði starfrækt á heilsársgrunni þannig að samfella verði í þjónustunni og fagmennska höfð í fyrirrúmi.*

Frístundafræðingar ráðnir í fullt starf við öll frístundaheimilin frá árinu 2018

[Borgarráð samþykkti 14. maí 2018 sameiginlega tillögu](#) frístundastefnu og [starfshóps um bætt starfsumhverf frístundastarfs](#) um að ráða fagmenntaðra starfsmenn (frístundafræðinga) í fullt starf, að jafnaði á hvert frístundaheimili, frá og með hausti 2018.



### **Markmið:**

- Styðja við fagstarf og forvarnarstarf í frístundaheimilum og grunnskólum með börnum í 1. – 4. bekk í samræmi við [starfsskrá frístundamiðstöðva](#), [frístundastefnu](#) og [menntastefnu borgarinnar](#).
- Létta álag á stjórnendur frístundaheimila þannig að þeir geti betur sinnt stjórnun, s.s. móttöku nýliða (45% starfsmannavelta og ungt og ófagmenntaðir starfsmenn) og samstarfi við foreldra og aðra samstarfsaðila.
- Skapa fleiri full störf fyrir útskrifaða tómsunda- og félagsmálafræðinga til að efla fagstarfið og stöðugleika í starfsmannahaldinu.

Lögð var áhersla á að í þessar stöður yrðu ráðnir tómsunda- og félagsmálafræðingar eða einstaklingar með sambærilega uppeldismenntun. Fjölgun frístundafræðinga í fullt starf er einn stærsti liðurinn í að tryggja stöðugleika í starfsmannahópnum og efla fagstarf á vettvangi. Í rýnihópnum starfshóps um bætt starfsumhverfi frístundastarfsins kom skýrt fram að erfiðleikar varðandi mönnun og starfsmannaveltu í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum má m.a. rekja beint til þess að starfsfólk sér starfið ekki fyrir sér sem framtíðarstarfsvettvang, sér í lagi vegna þess að almennt er um hlutastörf að ræða og starfsemin er ekki rekin á heilsársgrundvelli. Á hverju ári missa frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar frá sér hæft starfsfólk þar sem því býðst ekki starf yfir sumartímann. Hæfir starfsmenn skila sér svo ekki að hausti, þar sem þeir hafa fengið vinnu á öðrum vettvangi. Starfsmannavelta á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar hefur verið mikil um langt skeið. Sem dæmi má nefna að töluleg gögn frá skóla- og frístundasviði sýna fram á að 45% starfsmanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem voru við störf að hausti 2016 voru ekki við störf að hausti 2017.

### **Kostnaður:**

- 2018: Kr. 0 (fjármagnað með afgangi af launalið vegna manneklu 2018).
- 2019: Kr. 66.200.000 auk afgangi af fjárhagsramma frístundamiðstöðva vegna manneklu sem greiddi mismuninn vegna 2019).
- 2020: Kr. 66.200.000 komu inn í ramma 2019 en ekki fékkst bæting vegna þess fjármagns sem átti að koma inn 2020 vegna frístundafræðinga.
  - Til að uppfylla samþykkt borgarráðs um að það sé ráðinn einn frístundafræðingur við hvert frístundaheimili vantar um kr. 140.700.000 til viðbótar á núvirði, miðað við launavísitölu janúar 2019 til janúar 2021, inn í fjárhagsramma frístundamiðstöðva fyrir árið 2021. Þau mistök voru gerð í fjárhagsáætlunavinnu fyrir árið 2020 að það gleymdist að uppfæra laun frístundaráðgjafa á ársgrundvelli. Þessi mistök hafa ekki verið leiðrétt og því eru aðeins inn í ramma fyrir árið 2021 kr. 66.200.000 sem komu inn í ramma frístundamiðstöðva 2019. Þessi upphæð var einungis miðuð við að greiða laun 43 frístundafræðinga í 4,5 mánuði ársins. Ef ekkert verður að gert þá stefnir í að þarf að segja þarf frístundafræðingunum upp sem er mikil ógn við þróun á faglegu starfi frístundaheimilanna.



## Mat á árangri:

- Fjöldi frístundafræðinga:

Önn	Fjöldi frístundafræðinga
Haust 2018	12
Vor 2019	14
Haust 2019	26
Vor 2020	28
Haust 2020	34

- Minni starfsmannvelta, úr 45% árið 2018 í 35% haustið 2019.
- Meiri stöðugleiki í starfsmannahaldi og hærra menntunarstig á ársgrundvelli, sem hefur góð áhrif á sumarstarfið.
- Búið að halda tvo fundi með frístundafræðingum og vinna samantektir af þeim, reynslan almennt mjög góð.
- Skoða hvort ánægja foreldra með fagstarf hafi aukist í foreldrakönnunun frístundaheimila á vorönn 2021 (niðurstöður ekki komnar).
- Reynsla af starfi frístundafræðinga – fundir með þeim og skólastjórum í Breiðholti á vorönn 2020. Niðurstöður:
  - Almenn ánægja með störf frístundafræðinga á meðal kennara og skólastjóra. Vilji fyrir því að gefa frístundafræðingum meira rými í teymi kennara.
  - Frístundafræðingur brúa bil á milli starfsmanna skólans og frístundaheimilisins og eykur samskipti á milli stofnanna.
  - Fleiri samtöl milli kennara og starfsmanna frístundaheimilanna um barnahópana og hvernig best sé að raða í hópa fyrir hópastarf sem dæmi.
  - Frístundafræðingar eru faglegir leiðtogar í starfsmannahópum frístundaheimilanna, almennir starfsmenn leita til þeirra þegar kemur að samskiptum við börnin.
  - Hópastarf frístundafræðinga yfirfærast og nýtist vel í almennu starfi frístundaheimilanna þar sem frístundafræðingar hjálpa börnunum að yfirfæra lærdóm úr hópastarfinu í leik og samskipti við jafnaldra.
  - Frístundafræðingar upplifa sig sem sterkari starfsmenn út af hópastarfinu, þau þekkja barnahópann betur og ná betur til þeirra sem auðveldar þeim að leysa úr eða koma í veg fyrir vandamál í frístundastarfi.

- Kannanir lagðar fyrir forstöðumenn frístundaheimila og deildarstjóra barnastarfs á frístundamiðstöðvum og stjórnendur grunnskóla um störf frístundafræðinga í febrúar 2021.
- Svör frá frístundastarfinu:
  - 28 forstöðumenn félagsmiðstöðva og deildarstjórar barnastarfs svöruðu könnuninni (78% svarhlutfall).
  - 78% þeirra telja að starf frístundafræðings hafi bætt gæði starfsins á frístundaheimilinu mjög (57%) eða frekar mikið (21%).
    - Í opnun svörum kom fram að starfið hafi aukið og bætt samstarf frístundaheimila og skóla, eftir fagstarfið, frístundafræðingar kenni öðru starfsfólki frístundaheimila, innsýn í málefni barna á skólatíma skili sér í frístundastarfi og starfið bæti félagsfærni og samskipti barnanna.
  - 68% telja að starfið hafi létt mjög eða frekar mikið undir vinnu við stjórnun og skipulag á frístundaheimilinu.
    - Forstöðumaður geti speglað sig í frístundafræðingi, minni tími forstöðumanns í að slökkva elda, frístundafræðingar hjálpi til við að skipuleggja fagstarfið og taki að sér verkefni og útfærslu þeirra.
    - Einhverjum finnst þó álagið hafa aukist á forstöðumenn að fá inn auka starfsmann.
  - 83% telja hafa tekist mjög eða frekar vel til með starf frístundafræðings á skólatíma.
    - Sérstaklega þegar verkefni frístundafræðinga voru inni í stundatöflu barna, starfið létti á kennurum barna með hegðunarvanda og styrki félagsfærni barnanna.
  - Flestir segja fasta viðveru frístundafræðinga í starfi með börnum á starfstíma grunnskóla vera 1-3 klst. á dag og enginn segir viðveruna hafa verið enga.
  - Svör við því hvaða verkefnum frístundafræðingur sinnir og hvaða árgöngum voru:
    - Mest 1.-4. bekkur, félagsfærni, vináttuþjálfun, vinaliðaverkefni, sjálfsefning, tilfinningalíf, samvinna, leiðtogaæfni, sitji í eineltisteymi skólans, einstaklingsviðtöl og einstaklingsvinna í erfiðum málum, stundum hópavinna.
  - Svör við því hvernig staðið er að ákvörðun um verkefni frístundafræðings á starfstíma grunnskóla voru:
    - Spyrja sig hvað þurfi að vinna með börnunum og þeir sem koma að ákvörðunum séu frístundafræðingar, forstöðumenn, skólastjórar, kennarar, deildarstjórar barnastarfs, félagsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og deildarstóri yngsta stigs.
- Svör frá grunnskólastarfinu:
  - 14 skólastjórnendur svöruðu (58% svarhlutfall).
  - Allir sem tóku afstöðu töldu að starf frístundafræðings hafi bætt gæði starfsins í grunnskólanum á einhvern hátt, en 4 merktu við *veit ekki*.
    - Í opnum svörum kom fram að starfið hafi eftir félagsfærni barna, bætt hegðun og samskipti og aukið og bætt samvinnu frístundastarf og grunnskóla.
  - Svör við því hvaða verkefnum frístundafræðingur er að sinna og hvaða árgöngum voru:
    - Mest 1.-4. bekk, félagsfærni, vináttuþjálfun, vinaliðaverkefni, bæta hegðun í erfiðum málum, t.d. í frímínútum, samskipti, bæta bekkjaranda og hópefning.
  - Svör við því hvernig staðið er að ákvörðun um verkefni frístundafræðings á starfstíma grunnskóla voru:
    - Þeir sem koma að ákvörðunum séu frístundafræðingar, forstöðumenn, skólastjórar, kennarar, deildarstjórar barnastarfs, námsráðgjafi og deildarstjóri stoðkennslu. Frístundafræðingar annars vegar og skólastjórar

hins vegar, báðir aðilar með hugmyndir. Fyrst skólastjórar og forstöðumaður og svo komu frístundafræðingur og kennarar að borðinu.

- Þegar hóparnir eru spurðir: Þegar á heildina er litið hversu vel eða illa hefur tekist til að þínu mati með starf frístundafræðings?
  - Svör forstöðumanna frístundaheimila og deildarstjóra:
    - 82% segja mjög og frekar vel.
  - Svör stjórnenda grunnskóla:
    - 71% segja mjög og frekar vel.
- Báðir hóparnir töldu að Covid 19 hafi haft áhrif á framgang verkefnisins.

## Námsleyfi fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva frá árinu 2018

### Markmið:

Efla faglegt frístundastarf með því að bjóða starfsfólki upp á námsleyfi. Hægt er að óska eftir námsleyfi í allt að 35 daga á skólaárinu. Námsleyfin eru ætluð starfsfólki sem hyggur á grunnnám (BA, BEd) í tómsunda- og félagsmálafræði eða öðrum uppeldisgreinum. Einnig eru veitt námsleyfi til þess að stunda meistaranám. Skilyrði er að námið nýtist viðkomandi í frístundastarfi.

### Kostnaður:

- Kr. 12.000.000 á ári frá 2018.

### Mat á árangri:

- Yfirlit yfir námsleyfi

Önn	Fjöldi sem sækir um	Fjöldi sem fær námsleyfi	Fjöldi sem lýkur einingum
Haust 2018	12	12	8
Vor 2019	12	12	7
Haust 2019	17	17	11
Vor 2020	17	17	9
Haust 2020	36	34	21

- Frekara mat: Skoða hlutfall starfsfólks sem hefur fengið námsleyfi frá 2018 sem er enn í starfi vor 2021 og hvort það hafi fengið tækifæri til starfsþróunar.

## Öll frístundaheimilin opin á sumrin

### **Markmið:**

Heilsársrekstur frístundaheimila til samræmis við þjónustu leikskóla.

Sumarið 2018 buðu öll frístundaheimilin nema eitt upp á sumarþjónustu og frá sumri 2019 hafa öll frístundaheimilin boðið upp á sumarþjónustu.

### **Kostnaður:**

- Frá sumri 2019 hafa öll frístundaheimilin boðið upp á sumarþjónustu, viðbótarfjárhæð upp á kr. 9.000.000 var bætt inn á fjárhagsramma frístundamiðstöðva.
- Framkvæmdastjórar hafa vakið athygli á því að upphæðin dugi ekki til að hafa opið á öllum stöðum. Skv. upplýsingum úr fjármáladeild SFS vantar kr. 18.700.000 upp á það.
- Sumarið 2020 kom inn mikið af atvinnuáttaksstörfum frá ríkinu og því var hægt að þjónusta fleiri þátttakendur, án þess að það kostaði borgina mikið meira. Það er erfitt að vera háð viðbótarfjármagni, sem er háð aðstæðum í samfélaginu, til að tryggja gott þjónustustig í sumarstarfinu.

### **Mat á árangri:**

- Frá árinu 2016 til ársins 2020 jókst þátttaka í sumarstarfi frístundaheimilanna um 63,5%.

Sumar	Ársel	Gufunesbær	Kringlumýri	Miðberg	Tjörninn	Alls
2016	672	1.018	1.348	747	2.026	5.811
2017	1.083	1.035	1.799	909	2.491	7.317
2018	1.369	1.438	1.739	814	2.343	7.703
2019	1.665	1.474	1.902	1.116	2.467	8.624
2020	1.689	1.638	2.183	1.316	2.677	9.503

## Aukið foreldrasamstarf – innleiðing gátlista

### **Markmið:**

Efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra barna um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva með því að innleiða gátlista um foreldrasamstarf.

### **FRÍSTUNDAHEIMILI**

### **Kostnaður:**

- Enginn kostnaður.

### Mat á árangri:

- Forstöðumenn frístundaheimila spurðir: Hversu vel eða illa gengur eftirfarandi gagnvart foreldrum?
  - Upplýsingamiðlun almennt (t.d. á samfélagsmiðlum)
 

▪ Mjög vel	8	30%
▪ Frekar vel	15	56%
▪ Hvorki vel né illa	4	15%
▪ Frekar illa	0	0%
▪ Mjög illa	0	0%
  - Upplýsingamiðlun á erlendum tungumálum
 

▪ Mjög vel	4	15%
▪ Frekar vel	7	26%
▪ Hvorki vel né illa	9	33%
▪ Frekar illa	7	26%
▪ Mjög illa	0	0%
  - Forelðrakynningar
 

▪ Mjög vel	10	37%
▪ Frekar vel	9	33%
▪ Hvorki vel né illa	6	22%
▪ Frekar illa	2	7%
▪ Mjög illa	0	0%
  - Forelðraviðtöl
 

▪ Mjög vel	9	33%
▪ Frekar vel	7	26%
▪ Hvorki vel né illa	8	30%
▪ Frekar illa	2	7%
▪ Mjög illa	1	4%
  - Forelðraviðburðir
 

▪ Mjög vel	8	31%
▪ Frekar vel	4	15%
▪ Hvorki vel né illa	11	42%
▪ Frekar illa	2	8%
▪ Mjög illa	1	4%
  - Samskipti og tengsl við forelðraráð/forelðrafélag grunnskóla
 

▪ Mjög vel	5	19%
▪ Frekar vel	6	23%
▪ Hvorki vel né illa	11	42%
▪ Frekar illa	2	8%
▪ Mjög illa	2	8%

## FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

### Kostnaður:

- Enginn kostnaður.

### Mat á árangri:

- Forstöðumenn félagsmiðstöðva spurðir: Hversu vel eða illa gengur eftirfarandi gagnvart foreldrum?
  - Upplýsingamiðlun almennt (t.d. á samfélagsmiðlum)
 

▪ Mjög vel	3	17%
▪ Frekar vel	12	67%
▪ Hvorki vel né illa	1	6%
▪ Frekar illa	1	6%
▪ Mjög illa	1	6%
  - Upplýsingamiðlun á erlendum tungumálum
 

▪ Mjög vel	0	0%
▪ Frekar vel	8	42%
▪ Hvorki vel né illa	5	26%
▪ Frekar illa	5	26%
▪ Mjög illa	1	5%
  - Foreldrakynningar
 

▪ Mjög vel	2	11%
▪ Frekar vel	7	39%
▪ Hvorki vel né illa	4	22%
▪ Frekar illa	3	17%
▪ Mjög illa	2	11%
  - Foreldraviðtöl
 

▪ Mjög vel	2	12%
▪ Frekar vel	3	18%
▪ Hvorki vel né illa	7	41%
▪ Frekar illa	3	18%
▪ Mjög illa	2	12%
  - Foreldraviðburðir
 

▪ Mjög vel	1	6%
▪ Frekar vel	6	33%
▪ Hvorki vel né illa	5	28%
▪ Frekar illa	4	22%
▪ Mjög illa	2	11%
  - Samskipti og tengsl við foreldraráð/foreldrafélag grunnskóla
 

▪ Mjög vel	7	39%
▪ Frekar vel	4	22%
▪ Hvorki vel né illa	5	28%
▪ Frekar illa	2	11%
▪ Mjög illa	0	0%



## Innleiðingarætlun fyrir hluta skóla- og frístundasviðs í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025

Hér að neðan er gerð grein fyrir tillögum starfshópsins um frekari innleiðingu á *Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til ársins 2025*. Tillögurnar eru unnar með hliðsjón af því mati sem greint hefur verið frá í þessari skýrslu og sýn stjórnenda frístundamiðstöðva og fagskrifstofu frístundamála.

### 1. Verkefni sem hafa farið af stað en þurfa aukið fjármagn (kostnaður á ári):

- Frístundafræðingar á öllum frístundaheimilum, kr. 66.200.000 eru inni í ramma síðan haust 2019.
  - Vantar kr. 140.700.000 til viðbótar á núvirði miðað við launavísitölu janúar 2019 til janúar 2021.
- Fjármagn til að vera með opið á öllum frístundaheimilum á sumrin dugar ekki (kr. 9.000.000 bætt við í ramma).
  - Vantar kr. 18.700.000 til viðbótar.
- Fjölga opnunum í 10-12 ára starfi úr tveimur á viku í þrjár.
  - Vantar rúmar kr. 72.000.000 til viðbótar.
- Fjármagn sem fékkst til að hafa opið öll föstudagskvöld í öllum félagsmiðstöðvum, kr. 18.000.000 dugar ekki til.
  - Vantar kr. 10.000.000 til viðbótar.
- Flotinn var fjármagnaður sem atvinnuáttaksverkefni frá ríkinu, en lagt er til að fjármagn fyrir verkefninu fari í ramma.
  - Kostar kr. 15.200.000.
- Lagt er til að ráðnir verði 1-2 verkefnastjórar á hverja frístundamiðstöð sem hefðu það sem sitt megin hlutverk að stuðla að þeim hverfisbrag sem Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík, hverfisskipulagið og Græna planið kveða á um og gera frítíma hverfisbúa innihaldsríkari. Byggt verði á reynslu af sumarverkefni um viðburði frístundamiðstöðva sumarið 2020. Með verkefninu yrðu frístundamiðstöðvarnar vettvangur fyrir starf á vegum borgarinnar og félagsamtaka, hópa eða íbúa í viðkomandi borgarhluta. Verkefnastjórnarnir virkji fólk til þátttöku og styðji það við að koma hugmyndum til framkvæmda, m.a. með aðstöðu. Áhersla verði lögð á útivist og hreyfingu, félagsauð, forvarnir og lýðheilsu.
  - Kostar um kr. 50.000.000 ef miðað er við einn verkefnastjóra á hverja frístundamiðstöð en um kr. 100.000.000 ef miðað er við tvo verkefnastjóra.

### 2. Efla hlutverk frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar í samræmi við nýtt hverfaskipulag og Græna planið

Í frístundastefnunni er sett fram sú framtíðarsýn að *frístundamiðstöðvarnar verði athvarf fyrir fólkið í borgarhlutanum, með aðstöðu fyrir menningarviðburði, námskeið, smíðjur, fræðslu og hverfishátíðir, aðstöðu fyrir ungmenni svo fátt eitt sé talið. Á vegum frístundamiðstöðva verði lögð áhersla á samveru og samstarf kynslóða en jafnframt boðið upp á þjónustu fyrir afmarkaða hópa* (sjá bls. 16 og 17 í Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025).

Í [Græna planinu](#), nýrri sóknaráætlun Reykjavíkurborgar, er meðal annars lögð áhersla á lýðheilsu. Að það eigi að skapa heilsueflandi og öruggt samfélag, þar sem fólk á öllum æviskeiðum hefur jöfn tækifæri til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu.

Frístundamiðstöðvarnar hafa mikla reynslu af forvarnarstarfi og heilsuefingu barna og unglunga. Þær hafa tekið sér það hlutverk að hvetja til samstöðu þegar erfiðleikar steðja að í hverfum borgarinnar, hvort sem það er óæskileg hópasöfnun meðal unglunga eða áföll sem börn og unglingar í hverfinu verða fyrir.

### Úr Græna planinu:

#### Heilsuborgin Reykjavík

## Lýðheilsa

Við viljum skapa heilsueflandi og öruggt samfélag, þar sem fólk á öllum æviskeiðum hefur jöfn tækifæri til að hlúa að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Lengi býr að fyrstu gerð, en aukin áhersla á vellíðan barna í daglegu lífi er mikilvægur grunnur að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri. Hugað verður sérstaklega að geðheilbrigði og andlegri líðan og aukin áhersla lögð á forvarnir á öllum æviskeiðum.

## Mikilvægi samstöðu

Borgin hvetur til samstöðu þegar erfiðleikar steðja að svo borgin verði sterkari á eftir sem samfélag. Til þess þarf að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og tryggt lífsskilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfbærrar þróunar.

#### Fjölbreytt menning, nám og nýsköpun

## Menntun og menning

Samfélag og umhverfi Reykjavíkurborgar er uppspretta lærdóms allt æviskeiðið, þar sem fjölbreytt menning og nýsköpun gegna lykilhlutverki. Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar er lögð áhersla á frumkvæði, heilsusamlegan lífsstíl, snjallvæðingu og gagnrýna hugsun. Börnin eru hvött til að lesa sér til gagns og gamans, afa sér þekkingar og öðlast skilning á samfélagi og náttúru. Velferðarþjónusta á einnig að styðja við vöxt, nám og þroska sem stuðlar að jákvæðum breytingum í lífi fólks.


Í [hverfisSKIPULAGI Reykjavíkur](#) er lögð áhersla á vistvæn hverfi og að þar blómstri lífandi og kraftmikil samfélög. Þar búi fólk á öllum aldri. Íbúar hafa tekið virkan þátt í vinnu við hverfisSKIPULAGIÐ í Reykjavík og þar hafa komið fram áherslur á að í hverfum borgarinnar sé verzlun og þjónusta í göngufæri, iðandi mannlíf, afþreying og íþróttastarfsemi. Lögð er áhersla á að íbúar taki virkan þátt í að móta sitt nánasta umhverfi.



**Til að tengja hlutverk og starfsemi frístundamiðstöðva við þessar stefnur er lögð fram eftirfarandi tillaga:**

- Að settur verði af stað stýrihópur sem hefur það hlutverk að skilgreina hlutverk frístundamiðstöðva í borgarhlutunum í samræmi við Græna planið, hverfisskipulagið, menntastefnuna, frístundastefnuna og áherslur á lýðheilsu og félagsauð. Tekið sé mið af hugmyndum hverfaskipulags þar sem áhersla er lögð á þjónustukjarna og vistvæn hverfi þar sem lifandi og kraftmikil samfélög blómstra. Mikilvægt er að hafa í huga að borgarhlutarnir eru mismunandi og taka þarf mið af aðstöðu/aðstæðum í hverjum borgarhluta fyrir sig.
  - Upphafleg hugmyndafræði frístundamiðstöðvar felur m.a. í sér vettvang til að bjóða upp á uppbyggilegt frístundastarf í viðkomandi borgarhluta. Til að ná því markmiði er mikilvægt að huga að aðstöðu við hæfi fyrir ýmiskonar frístundastarfsemi, smiðjur og námskeið. Frístundamiðstöð á að vera athvarf fólksins í borgarhlutanum þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín, kaffihús og menningarviðburðir, námskeið, smiðjur, fræðsla og hverfishátíðir svo fátt eitt sé talið.
  - Mörg sóknarfæri fyrir íbúa tengd starfsemi frístundamiðstöðva. Frístundamiðstöðavarnar geta lagt megin áherslu á að láta drauma barna rætast, gefa hverfisbúum fjölbreytt tækifæri í frítímanum og virkja nýja fagstétt tómsunda- og félagsmálafræðinga í þjónustu við hverfisbúa. Breyttar áherslur í menntamálum gera ráð fyrir fjölbreyttari tækifærum í menntun.
  - Markmiðið með hverfisskipulaginu er m.a. að hvetja til heilsueflandi og jákvæðra athafna. Til þess þarf að vera til aðstaða í hverju hverfi sem styður við slíkar athafnir, en einnig mannauður (s.s. tómsunda- og félagsmálafræðingar) sem býr til farveg fyrir hugmyndir borgarbúa og styður við heilsueflandi og jákvæð verkefni.

Starfshópurinn fékk Jakob Þór Jakobsson til að teikna eftirfarandi mynd af hugmyndinni um aukið hlutverk frístundamiðstöðva í borgarhlutum Reykjavíkur sem hægt er að styðjast við í frekari umræðum um tillöguna:




Teikning: Jakob Þór Jakobsson



Í sumum hverfum gæti frístundamiðstöð haft aðgang að nokkrum svona kjörnum sem tengjast þá gjarnan t.d. leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöð, aðstöðu íþrótt- og æskulýðsfélaga og félagsmiðstöð á vegum velferðarsviðs, auk annars rýmis sem jafnvel stendur nú autt og hægt væri að nýta fyrir uppbyggilegan frítíma hverfisbúa. Í öðrum hverfum væri hægt að einblína á þennan kjarna á einum stað í hverfinu í frístundamiðstöð þar sem hverfisbúar gætu komið í sínum frítíma, átt góðar samverustundir og sinnt sínum tólmstundum, auk þess sem skipulagt starf á vegum borgarinnar og íþrótt- og æskulýðsfélög gætu einnig notað aðstöðuna.

Hægt er að skoða myndina nánar með því að draga að tiltekna hluta, eins og þennan hér sem sýnir tónleikasal, gróðurhús og matjurtargarða, grillaðstöðu og siglingaklúbb:



Annað sjónarhorn gæti svo sýnt verkstæði, klifurvegg, félagsmiðstöð og grunnskóla:



Hugmyndin er að skoða félagslega aðstöðu í hverju hverfi fyrir sig og kortleggja hvaða möguleika íbúar í hverju hverfi hafa til að efla félagsauðinn, gleðina og heilsuna.

### 3. Stefna áfram að heilsársrekrum frístundaheimilum og félagsmiðstöðum

#### a. Setja af starfshóp í apríl 2021 um heilsársrekin frístundaheimili

- Gera tillögu að nýju úthlutunarlíkani fyrir frístundaheimili (heilsárs)
  - Endurskilgreina hvenær auka stöðugildi koma inn, s.s. frístundafræðingar og aðstoðarforstöðumenn
  - Telja ekki börn á forstöðumenn á sumrin
  - Skoða hverju þarf að breyta í innritunarkerfinu og öðrum ferlum

#### b. Setja af stað starfshóp í apríl 2021 um heilsársreknar félagsmiðstöðva

- Gera tillögu að nýju úthlutunarlíkani fyrir félagsmiðstöðvar (heilsárs)
- Allar félagsmiðstöðvar opnar á sumrin (fyrir utan sumarleyfi)
- Bæta í 10-12 ára starfið: Auka opnun, fagleg stjórnun og skilgreina rýmisþarfir
- Fá inn frístundafræðinga í félagsmiðstöðvar sem myndu einbeita sér að starfi fyrir á 10-12 ára

Þessum tveimur starfshópum verði gert að skila kostnaðargreindum tillögum fyrir fjárhagsáætlunargerð 2022.